

15. fundur í framkvæmdanefnd Þjóðkirkjunnar 2. október 2023

Fundarmenn: Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, Axel Árnason Njarðvík, Birgir Gunnarsson og Einar Már Sigurðarson.

Fundur hófst kl. 9:00.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun Þjóðkirkjunnar 2024

BG gerði grein fyrir drögum að fjárhagsáætlun Þjóðkirkjunnar 2024. Ákveðið var að leggja áætlunina fram á Kirkjubingi eins og hún er en áskilja nefndarmenn sér rétt til að styðja breytingartillögur sem fram kunna að koma við áætlunina. Ákveðið var að í skýrslu framkvæmdanefndar yrði kveðið á um að söluandvirði Bergstaðastrætis verði fært í varasjóð og að samtal og samráð þurfi að eiga sér stað við ráðningu starfsmanna í störf sem losna. Framkvæmdastjóra var falið að ræða við mögulega samstarfsaðila um fjárhagslegan rekstur Skjólansins.

2. Fasteignamál

a. **Grundarfjörður:** Ákveðið var að setja íbúðarhúsið að Eyrarvegi 26 í söluferli.

b. **Syðra Laugaland:** BG upplýsti að lóðaumsókn um íbúðarhúsið hafi verið samþykkt og mun húsið því fara á sölu á næstu dögum.

Næsti fundur framkvæmdanefndar ákveðinn 6. október kl. 9:00. Fundargerð var lesin upp og hún samþykkt samhljóða. Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 10:00.

Fundarritari: Eiríkur Guðlaugsson, lögmaður Rekstarstofu.